

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Selfoss, 13.9.2024
UST202401-291/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. júní 2024 - Mýrdalshreppur, urðunarstaður við Uxafótarlæk, ID 54

Þann 12. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Útistandandi eru þrjú frávik úr eldri eftirlitum. Eru tvö frávik útistandandi síðan 2019. Fyrsta frávikðið varðar takmörkun aðgangs inn á urðunarstað, sbr. gr. 2.1 í starfsleyfi (einnig frávik 2023) og hins vegar varðandi það að senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga (einnig frávik 2023) sbr. gr. 5.3 í starfsleyfi. Ber rekstraraðila að gera grein fyrir öllum mótteknum og urðuðum úrgangi í skýrslu til eftirlitsaðila. Útistandandi er frávik síðan 2023 og varðar skil rekstraraðila innan tilskilins tímafrests sbr. gr. 5,1 í starfsleyfi, þ.e. niðurstöðum skráninga ber að skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

Tvö frávik komu fram er varða:

- 1.** Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Ennfremur, sbr. 1.4. í starfsleyfi, þá skal rekstraraðili upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Á urðunarstað er til geymslu efni til vegaf framkvæmda frá öðrum rekstraraðila (sjá nánari umfjöllun í skýrslu eftirlits).
- 2.** Gr. 4.5 í starfsleyfi. Úrgang skal leggja í urðunarrein og ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun hverju sinni fyrir hvern úrgangsflokk. Úrgangi inn á urðunarstað hefur verið komið fyrir á yfirborði urðunarstaðar, úrgangshaugar hafa staðið óhreyfðir lengi og eru ekki urðaðir sbr. verklagi starfsleyfis.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. október 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur